

1860. Svo sjá megi, hvernig fè þetta skuli gjalda, bendum vèr á
 19. apríl. athugagreinirnar við 4. grein 4. tölulíð fjárhagslaganna, og er
 þess þar getið, að það af skuldinni, sem greiða á þetta fjárhagsár, sè að öllu rentulaust.

20. apríl. **18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um höfnina í Reykjavík.**

Með bréfi 26. októberm. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað uppástungu, er Koch kaupræðismaður hafði sent hafnarnefndinni í Reykjavík, um að búa þar til bryggju til að lenda við; hafið þér samkvæmt álitsskjali því, er þér höfðuð fengið um uppástungu þessa frá verzlunarmönnum í bænum, skýlaust ráðið frá að fallast á uppástunguna; þar á móti hafið þér enn á ný fastlega mælt með, að bænum væri útvegaður úr ríkissjóði nægilegur fjárstyrkur til þess, að búin yrði til innilokuð skipalega, á þann hátt, er þér hafið áður stungið upp á í bréfi 14. nóvemberm. 1857; en ef svo færi, að slíkur styrkur eigi gæti fengizt, hafið þér ráðið til, að búin væri til hentug bátabryggja, sem þér hèlduð eigi mundi kosta meira en hèrumbil 5000 rdl.

Um þetta efni er yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar, að dómsmálastjórnin ekki sèr sèr fært að fallast á uppástungu Kochs, kaupræðismanns, þá er að otan er nefnd, nè heldur uppástungu þá er gjörð var árið 1857; og skal þess enn fremur getið um hina síðar nefndu uppástungu, að eptir áætlun, sem Fischer forsmiður (Civilingenieur) hefur síðar gjört, yrði kostnaður sá, sem þurfa mundi til að búa til innilokaða skipalegu, verða hèrumbil 50000 rdl. En hvað snertir bátabryggju þá, sem um er getið í bréfi yðar, þá getur stjórnin ekki sagt neitt um það efni, fyr en búið er að fá um það álitsskjal hafnarnefndarinnar; svo verður og að útvega álitsskjal nefndar þessarar viðvíkjandi því, sem stungið var upp á í áður nefndu bréfi stiptamtsins 14. nóvemberm. 1857, áður en nokkuð verður gjört í því efni.